

Ágætu aðalfundarfulltrúar, hæstvirtrur Umhverfisstofnanna og aðrir góðir gestir!

Ég er fæddur og uppalinn á Akureyri uppúr miðri síðustu öld.

Mínar fyrstu minningar snúast um að stelast niður á bryggjurnar við Eyjafjörðinn, allt frá Hjalteyri innað Höpner.

Ég fór minn fyrsta róður með móðurbróður mínum, kornungur, og man eins og það hafi gerst í gær að hafa orðið sjóveikur svo um munaði á lognsléttum Eyjafirðinum.

Ekki grunaði mig á þeirri stundu þegar mér var ýtt upp úr bátinum í Bótinni að standa, öllum þessum árum síðar hér í þessari pontu. Enn enginn veit sína ævina.

Ég hef elskað sjóinn frá blautu barnsbeini. Ég hef heillast barnungur af íbúum hans, fiskunum, hvölunum, selunum, marglittunum, skeljunum, þaranum - öllu sem tengdist þessu óendanlega flæmi, hafrýminu sem þekur yfir 70% af plánetunni sem við svífum á í geimnum.

Og ég er ekki einn um að elska hafið og íbúa þess. Við erum hér samankomin, nákvæmlega af þeirri ástæðu. Við viljum viðhalda þessu ástarsambandi, búandi á ströndinni með hafið fyrir fótum okkar.

Hvernig má það vera, að við, sem höfum alist upp við ströndina, upplifum ár eftir ár að löggjafinn nýti öll tækifæri til að hindra þann sjálfsagða rétt hvers og eins að sækja lífsbjörg í þessa sameiginlegu auðlind?

Nýjasta dæmið um þennan fátíðleika er sá raunveruleiki sem blasir við Grímseyingum. Umhverfis þennan útvörð Íslands í Norðri liggja gjöfug fiskimið sem lögðu grundvöll að byggðinni fyrir um það bil 1000 árum. . Er þessi staða eitthvað til að hrósa sér af, eins og skilja má af útsendurum ríkisins og Háskóla Íslands á erlendum vettvangi, þar sem þeir útlista íslenska

fiskveiðistjórnunarkerfið sem hina fullkomnu lausn á stýringu fiskveiðiauðlinda – og sjálfsagt annarra í leiðinni?

Erindi mitt við ykkur, í dag, er það sama og ég átti í pontu við fundargesti í marsmánuði 1985 í Vestmannaeyjum á almennum borgarafundi.

Mér fannst gróflega brotið á mér og mínum félögum þegar þáverandi sjávarútvegsráðherra stöðvaði allar smábátaveiðar á landinu vegna þess að smábátar höfðu veitt vel við Snæfellsnes.

Sú sannfæring sem heltók mig þá og hefur aldrei yfirgefið mig er að réttindabarátta smábátaeigenda sé mannréttindabarátta. Þessi sannfæring hefur ekki gert neitt annað en að eflast með árunum. Þátttaka mín í starfi smábátaeigenda á alþjóðlegum vettvettvangi færir og heim fyrir mér sanninn að íslenskir smábátaeigendur eiga flest sameiginlegt með meðbræðrum sínum um víða veröld. Réttindi þeirra eru fótum troðin og stórfyrirtækin sýna algera fyrirlitningu og skeytingarleysi.

Þessi baráttan er jafnframt óaðskiljanleg þeirri réttindabaráttu sem mér hefur þótt í gegnum tíðina heldur dauflæg – baráttan litlu sjávarplássana hringinn í kring um landið fyrir þeim sjálfsagða rétti til að nýta aðlæg fiskimið – fiskimið sem lögðu í upphafi grundvöll að búsetunni.

Hvenær fóru þær kosningar fram á Íslandi þar sem þessum réttindum val afsalað? Hvernig í ósköpunum getur t.d. staðið á því, að Vestfirðingar, sem hafa fyrir framan sig ein gjöfulustu fiskimið sem til eru á jörðinni, eygja þá helstu von að ala framandi fisktegund í netpokum inná fjörðunum sínum?

Ég gæti notað þetta tækifæri til að setja hér upp á skjá allskyns tölfræði sem sýnir glögglega að fiskveiðistjórnunarkerfið og hin vísindalega ráðgjöf hafi brugðist. Ég læt það ógert.

Í gegnum tíðina hefur LS þurft að glíma við fjöldann allan af óvönduðum lögum og reglugerðum. Það myndi æra óstöðugan að telja allt það upp.

Eitt besta dæmið sem ég veit eftir öll þessi ár, um óvönduð og óboðleg vinnubrögð Alþingis, eru nýlega samþykkt lög um kvótasetningu grásleppunnar. Það er engu líkara en að allir nefndarmenn Atvinnuveganefndar og allir embættismenn Atvinnuvegaráðuneytisins séu annað hvort ólæsir eða illilega lesblindir. Lögin um kvótasetningu grásleppunnar eru stórkostlegt klúður. Frá því LS var stofnað hef ég aldrei séð jafn hroðvirknisleg vinnubrögð. LS hefur skorað á Matvælaráðherra að afturkalla löggjöfina, en atburðir síðustu daga eyða þeim möguleika. Ég vil að þetta má verði rekið sem fyrst til Umboðsmanns Alþingis og eða dómstóla. Það er algerlega útilokað að LS láti þetta yfir sig ganga.

Á sama tíma heyrum við frá stjórnarliðum að nauðsyn beri til að halda áfram vinnunni við verkefni ríkisstjórnarinnar. Í guðanna bænum: gerið sem minnst – hellst ekki neitt!

Framundan eru kosningar til Alþingis.

Ég hef ekki legið á þeirri skoðun minni að eina von smábátaeigenda í þeirra réttindabaráttu sé hugarfarsbreyting í íslenskri pólitík. Þessari hugarfarsbreytingu náum við ekki með því að spila með stjórnvöldum þann leik að gefa eftir. Við eigum að sækja fram, ekki bakka í vörn. Við eigum að leggja fram nýjar hugmyndir, sýna þrótt til að berjast gegn þeim öflum sem vilja okkur feiga.

Í byrjun vikunnar sátu allir formenn þeirra stjórnmalaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi í beinni útsetningu Ríkisútvarpsins.

Þrátt fyrir að þrír í settinu hafi verið fyrrverandi sjávarútvegsráðherrar datt engum þeirra til hugar að nefna sjávarútvegin eða fiskveiðistjórnunarkerfið. Þessi staðreynd, ein og sér sýnir glögglega hversu ofarlega þetta er í huga þeirra sem stjórna landinu. Þeir líta svo á að kvótakerfið og aflaráðgjöfin séu að eilífu klöppuð í stein.

Við höfum í langan tíma sett fram þá hógværa kröfu að strandveiðibátar megi róa heila 48 daga af þeim 365 sem árið telur, eða heil 13% daga ársins.

Þeir sjávarútvegsráðherrar sem setið hafa frá því þessi krafa var sett fram hefur bæði skort kjark og vilja til að verða við þessu: Hvers vegna?

Jú, vísindin, sem stjórnámálamenn nota sem skálkaskjól, eru svo nákvæm að þar má engu skeika, annars fari allt á verri veg. Mikill er máttur vísandanna. Mikil er trú stjórnarherranna! Þeir trúa því í alvöru að það sé hægt að reikna úthlutun veiðiheimilda með nákvæmni upp á 1 tonn og hver sá sem er staðinn að því að setja fyrir borð 1 undirmálsufsa fær bréf frá valdstjórninni með hótunum um sektir og fangelsi.

Eitt stærsta umhverfismál samtímans, ef ekki það stærsta, er umgengni okkar um hafið. Það er áætlað að einhvers staðar á bilinu 77-199 milljónir tonna af plasti sé í hafinu og árlega bætist við upb 15 milljónir tonna.

Þetta er ekki það eina. Fyrir ekki svo löngu birtist grein í vísindatímaritinu Nature þar sem fullyrt var að togveiðar í heiminum orsökuðu jafn mikla losun á CO₂ og allt flug í heiminum. Nú hefur sá sem hér stendur enga þekkingu til að meta þessar upplýsingar, en af viðbrögðum íslenskra stjórnvalda og vísindasamfélagsins – þ.e. fyrst og fremst Hafró – virðist vera að þetta sé dauðans della og ekki orði á eyðandi.

Svo ég leiði þessa setningarræðu mína í jörð, vil ég segja eftirfarandi:

Við stöndum í baráttu fyrir grundvallar mannréttindum. Við stöndum í baráttu fyrir þeim sjálfsagða rétti að sækja í hina sameiginlegu auðlind þjóðarinnar – róa til fiskjar við strendur Íslands með handfæri og eða línu að vopni okkur til lífsviðurværis.

Félagar: Stöndum keikir! Látum ekki úrtöllumenn, hvorki innan okkar raða eða utan, trufla þessa baráttu. Rétturinn er okkar!